

## **42. fundur sveitarstjórnar Fljótshrepps, 06.11.2012, Végarði kl. 10.<sup>30</sup>**

---

Mætt til fundar: Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Magnhildur Björnsdóttir 1. varamaður í stað Önnu Jónu Árnarsdóttur sem er fjarverandi, Lárus Heiðarsson, Jóhann Þórhallsson mætti kl. 11.30 og Þorvarður Ingimarsson kl. 11.45.

Kristinn Bjarnason lögmaður sveitarfélagsins er mættur til fundar.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

### **Dagskrá**

- 1. Fundað með lögfræðingi sveitarfélagsins um ýmis mál.**
- 2. Laugargarður ehf , ársreikningur 2011 og önnur mál**
- 3. Skýrsla oddvita**
- 4. Fjárhagsáætlun Fljótshrepps 2014-2016, fyrri umræða**
- 5. Félagsþjónusta Fljótshrepps**
- 6. Samningur um rekstur eignarluta Fljótshrepps Miðvangi 6**
- 7. Tilboð í gerð gagnagrunnar fyrir veitur, landamerki og mannvirki í Fljótshreppi**
- 8. Laugarfellsskáli**
- 9. Fjallskilanevnd Fljótshrepps**
- 10. Bréf**
  - a) Umhverfis-og auðlindaráðuneytið dags. 16.10 2012
  - b) Skólaskrifstofa Austurlands dags. 30.10
  - c) Þjóðskrá Íslands dags. 29.10
  - d) SÁÁ ódags.
  - e) Landssamband hestamannafélaga dags. 03.10 2012
  - f) OpenStreetMap dags. 06.09 2012
- 11. Umhverfisstyrkir**
  - a) Gunnar Þórarinnsson, Hjarðabóli
  - b) Guðmundur Pétursson, Bessastaðagerði
  - c) Jón Þór Þorvarðarson, Glúmsstöðum 1
  - d) Jósef Valgarð og Gunnþórunn , Víðivöllum fremri

### **12. Styrkbeiðnir**

- a) Héraðsskjalasafn Austfirðinga dags 02.10 2012
- b) Skíðasvæðið Stafdal
- c) Skáksamband Austurlands

### **13. Fundargerðir**

- a) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 12.09 og 18.10
- b) Dvalarheimili aldraðra 09.10
- c) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 01.10
- d) Skólaskrifstofa Austurlands 25.10
- e) Brunavarnir á Austurlandi 29.10
- f) Byggingarnefnd Fljótshrepps 29.10
- g) Fundargerð frá fundi um Kröflulínu 3 29.10

### **14. Fjármál og fjárhagsáætlun Fljótshrepps 2013**

- a) Fjárhagsáætlun Hallormsstaðaskóla 2013
- b) Fjárhagsáætlun Dvalarheimils aldraðra 2013
- c) Fjárhagsáætlun Skólaskrifstofu Austurlands 2013
- d) Fjárhagsáætlun Brunavarna á Austurlandi 2013
- e) Fjárhagsáætlun Brunavarna á Héraði 2013
- f) Fjárhagsáætlun Minjasafns Austurland 2013
- g) Fjárhagsáætlun HAUST 2013

### **15. Önnur mál**

#### **1. Fundað með lögfræðingi sveitarfélagsins um ýmis mál.**

Landsnet kærði fasteignamat tengivirkis við Fljótshreppsstöð síðla árs 2011. Þjóðskrá Íslands útskurðaði 2.10.2012 um breytt mat sem lækkar nokkuð frá fyrra mati. Lögmaður sveitarfélagsins hefur óskað eftir rökstuðningi Þjóðskrár fyrir breyttu mati. Rökstuðningur hefur ekki borist. Kærufrestur er til 2.1.2013.

Lögmanni sveitarfélagsins var falið að kanna stöðu mála er varðar skráningu á fasteignamati vatnsréttinda sem hafa verið skilin frá jörðum, vegna Kárahnjúkavirkjunar.

Rætt um sveitafélagamörk Fljótshrepps og Fljótshéraðs og stofnun þjóðlendna á svæðinu. Samþykkt að óska eftir fundi með forráðamönnum Fljótshéraðs. Lögmanni falið að senda bréf til Forsætisráðuneytisins með athugasemdum við gerð landspildublaðs þjóðlendu í Fljótshreppi, án þess að hreppnum hafi borist erindi þar að lútandi.

*Gert fundarhlé kl. 12.<sup>15</sup> og farið til hádegisverðar í Klausturkaffi.*

*Mætt aftur til fundar 13<sup>15</sup>.*

## **2. Laugargarður ehf, ársreikningur 2011 og önnur mál**

Ársreikningur borinn upp, samþykktur og undirritaður. Sveitarstjórn felur oddvita í samráði við endurskoðanda og bókhaldara sveitarfélagsins að vinna áfram að flutningi Laugarfellsskála og gistihúsa við Végarð, yfir í Laugargarð ehf, með það að markmiði að eignir flytjist yfir í árslok 2012. Sveitarstjórn samþykkir að eignirnar verði lagðar á nafnverði inn í félagið sem hlutafé.

## **3. Skýrsla oddvita**

Framkvæmdum við veg í Norðurdal frá vegamótum við Fljótsdalsstöð að vegamótum við brú yfir Jökulsá er nánast lokið. Framkvæmdum við reiðveg frá vegamótum við Végarð að Bessastaðaá er lokið þetta árið, skoðað verður á næsta ári hvort þörf er á finna yfirborð á reiðveginn, sérstaklega þar sem keyrt var mól vegna bleytu. Framkvæmdir við heimreið að Víðivallagerði eru ekki en hafnar, en vegagerðin hefur ráðið verktaka í verkið. Sveitarfélagsskilti hafa verið sett upp við Gilsá og Hrafnsgerðisá, starfsmenn Vegagerðarinnar sáu um það verk og settu um leið upp vegprest við Víðivelli ytri II og Víðivallagerði.

Námskeið í ullarvinnslu stóð yfir tvær helgar í Végarði.

Ágæt mæting var á myndasýningu sem Héraðsskjalasafnið stóð fyrir í Végarði 11. október

Kynningarfundur fyrir íbúa vegna aðalskipulagsgerðar var í Végarði 23. október, þangað mættu 8 íbúar.

Oddviti sat ráðstefnu sem Mannvirkjastofnun, Samtök iðnaðarins, Arkitektafélag Íslands, Félag byggingarfulltrúa og Samband íslenskra sveitarfélaga héldu um nýja byggingarreglugerð, á Egilsstöðum 19. október.

Samtök orkusveitarfélaga standa fyrir ráðstefnu um orkuauðlindir, nýtingu þeirra og skiptingu arðsins í Reykjavík 16. nóvember.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa samþykkt viðmiðunarreglur vegna leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélags.

Skipulagsstofnun hefur gefið út árlegan lista um skipulagsfulltrúa og skipulagsráðgjafa sveitarfélaga sem skráðir eru hjá stofnuninni.

Fljótsdalshreppur hefur óskað aðstoðar starfsmanna Austurbrúar ses við verkefni er snýr að hönnun og skipulagningu Hengifossvæðis. Ferðamálaráð styrkir verkefnið.

Verktakafyrirtækið Línudans ehf kynnir með bréfi dags. 9. október starfsemi sína er snýr aðallega að sérhæfni á svið raforkuflutningskerfa.

Fljótsdalshreppur, Fljótsdalshérað, Borgarfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður unnu sameiginlega gögn um ýmis hagsmunamál sem farið var með á fund fjárlaganefndar Alþingis.

Á íbúafundi í vor þar sem fulltrúi Orkuseturs mætti var rætt um að Fljótsdalshreppur verði þátttakandi í verkefni (Premise) er snýr að orkusparnaði. Starfsmenn Orkuseturs fyrirhuga að vera í Fljótsdal einhvern dag í nóvembermánuði og skoða íbúðarhús í sveitinni, með tilliti til orkusparnaðarmöguleika.

Dagur íslenskrar tungu er 16. nóvember n.k. Deginum var fyrir nokkrum árum bætt við íslenska fánadaga.

Félagsþjónusta Fljótsdalshérað hefur samþykkt umsókn eldri borgara í Fljótsdal um félagslega heimabjónustu. Þjónustan samsvarar 2 klst á viku og verður í formi aðstoðar við akstur til útréttinga og annarra þarfa.

Heildarkostnaður við landsmerkjaskráningu var um 8,7 millj sem var umfram áætlun, skýringin er sú að meira var um mælingar sem ekki voru inn í samningi og samið var við Mannvit að sjá um ferðir mælingamanns í stað þess að leggja til bíl, eins og áætlað hafði verið.

Gögn sem liggja frammi til kynningar: Ársreikningur Skólaskrifstofu Austurlands 2011, ásamt endurskoðunarskýrslu. Ársreikningur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 2011, ásamt endurskoðunarskýrslu. Ársreikningur HAUST 2011 og ársskýrsla HAUST 2011. Ársreikningur Brunavarna á Austurlandi 2011 og ársskýrsla Brunavarna 2011. Ársreikningur Brettasmiðju Austurlands ehf 2011. Skýrsla LV-2012-009 Áhrif Kárahnjúkavirkjunar á vatnsborð og grunnvatn á láglandi á Héraði.

#### **4. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2014-2016, fyrri umræða**

Áætlunin rædd og vísað til síðari umræðu.

#### **5. Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs**

Eftirfarandi reglur voru samþykktar að hálfu Fljótsdalshrepps:

- Reglur um notanda stýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk
- Reglur um stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra
- Gjaldskrá vegna stuðningsfjölskyldna fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra

#### **6. Samningur um rekstur eignarhluta Fljótsdalshrepps Miðvangi 6**

Oddviti kynnti drög að samningi við Fljótsdalshérað um rekstur húsnæðis Fljótsdalshrepps í Miðvangi 6. Húsnæðið verður samrekið með Hlymsdölum, fyrir félagsaðstöðu aldraðra og annast Fljótsdalshérað reksturinn. Fyrirliggjandi samningsdrög samþykkt af sveitarstjórn og oddvita falið að skrifa undir samninginn.

#### **7. Tilboð í gerð gagnagrunnar fyrir veitur, landamerki og mannvirki í Fljótsdalshreppi**

Samþykkt að taka tilboði Mannvits dagsett 11.5.2012 og gert ráð fyrir að verkefnið verði unnið á árinu 2013. Samkv. tilboði er kostnaður og hýsing gagnagrunnsins 660.000,- kr. auk vsk.

#### **8. Laugarfellsskáli**

Þrjár umsóknir bárust í rekstur skálans. Oddvita falið að ræða nánar við alla umsækjendur áður en sveitarstjórn gengur til samninga. Stefnt er að niðurstöðu sem fyrst.

#### **9. Fjallskilanefnd Fljótsdalshrepps**

Mættu til fundar úr fjallskilanefnd kl. 16.<sup>15</sup> : Hjörtur Kjerúlf, Hjörleifur Kjartansson, Eyjólfur Ingvason. Þorvarður Ingimarsson sveitarstjórnarmaður er fjallskilastjóri.

Þorvarður lagði fram fyrir hönd fjallskilanefndar til umræðu ýmis atriði er varða fjallskil. Eftir ítarlega umræðu yfirgáfu gestir úr fjallskilanefnd fundinn eða um kl. 17.<sup>30</sup>

*Gunnþórunn vék af fundi til að sitja símafund kl 16:40. Jóhann tók við fundarstjórn. Gunnþórunn tók aftur við fundarstjórn kl 17:<sup>00</sup>.*

Sveitarstjórn samþykkir að greiða úr sveitarsjóði fyrir 2 dagsverk sem féllu til í aukadagsverkum í Ranagöngum vegna slæmrar tíðar í smölun. Einnig samþykkt að nota hluta ónotaðra greiðslna (3 dagsv) sem sveitarstjórn hafði áður samþykkt vegna Hraunagöngu til greiðslu fyrir aukadagsverk í Rana.

Samþykkt að gera ráð fyrir að gera ráð fyrir fjármunum í fjárhagsáætlun næsta árs til viðhalds réttarmannvirkja s.s. Melarétt, Egilsstaðarétt og girðingaraðhalds við Sturluflöt og Strútsá.

Rætt var um hvenær vors heppilegt sé að koma fé á afrétt með tilliti til veðurs og gróðurfars.

Einnig var rætt um tímamörk annarar göngu með hliðsjón af fjallskilum.

Á fundi fjallskilaneftndar 2011 kom fram ósk um að sveitarfélagið greiði fjáreigendum fyrir álögd dagsverk. Rætt var um það mál án niðurstöðu.

*Kristinn yfirgaf fundinn kl.18:00.*

## 10. Bréf

- a) Umhverfis-og auðlindaráðuneytið dags. 16.10 2012. Varðar slóðamál og kortlagningu. Kynnt, oddvita falið að svara ráðuneyti.
- b) Skólaskrifstofa Austurlands dags. 30.10. Boðun aðalfundar 23.11 kl. 13.00, Lyngási 12, Egilsstöðum. Gunnþórunn tilnefnd sem fulltrúi Fljótsdalshrepps og Jóhann til vara.
- c) Þjóðskrá Íslands dags. 29.10. Þjóðskrá vekur athygli sveitarstjórna á úrskurði yfirfasteignamatnefndar mál nr. 18/2012, um skipalyftur og dráttarbrautir. Kynnt.
- d) SÁÁ ódags. Kynnt, varðar átakið Betra líf- mannúð og réttlæti. Sveitarstjórn lýsir yfir stuðningi við þjóðaráttak SSÁ þess efnis að 10% af áfengisgjaldi sem ríkið innheimtir, verði varið til að veita þolendum áfengis- og vímuefnavandans þá félagslegu þjónustu og úrræði sem þörf er á.
- e) Landssamband hestamannafélaga dags. 03.10 2012. Bréfið varða verkefni sem LH og Vegagerðin vinna að um skráningu reiðleiða á öllu landinu. Óskað er eftir fjárstuðningi sveitarfélagsins við verkefnið. Hafnað.
- f) OpenStreetMap dags. 06.09 2012. Varðar landupplýsingar í opinn kortagrunn. Oddvita falið að kanna hvort sveitarfélagið búi yfir upplýsingum sem gætu hentað í grunninn.

## 11. Umhverfisstyrkir

- a) Gunnar Þórarinsson, Hjarðabóli. Samþykktur hámarksstyrkur.
- b) Guðmundur Pétursson, Bessastaðagerði. Samþykktur hámarksstyrkur.
- c) Jón Þór Þorvarðarson, Glúmsstöðum 1. Samþykktur hámarksstyrkur.

*Gunnþórunn vék af fundi og Jóhann tók við fundarstjórn*

- d) Jósef Valgarð og Gunnþórunn, Víðivöllum fremri. Samþykkt breyting á fyrri umsókn.

*Gunnþórunn kom aftur til fundar og tók við fundarstjórn.*

## 12. Styrkbeiðnir

*Magnhildur vék af fundi*

- a) Héraðsskjalasafn Austfirðinga dags 02.10 2012. Forstöðumaður óskar eftir aðkomu Fljótsdalshrepps vegna ljósmyndaverkefnis sem hefur verið í gangi á safninu síðustu 2 ár, (skönnun og skráning ljósmynda af svæðinu). Samþykkt að styrkja safnið um 750.000 kr. í styrk til verkefnisins á árinu 2013, takist að fjármagna það að öðru leiti.

*Magnhildur kom aftur til fundar*

- b) Skíðasvæðið Stafdal. Óskað aðkomu Fljótsdalshrepps að rekstri Skíðasvæðis í Stafdal og leigu skíðaútbúnaðar. Hafnað.
- c) Skáksamband Austurlands.- Óskað eftir 10.000, - kr. styrk vegna firmakeppni í hraðskák. Samþykkt.

## 13. Fundargerðir

- a) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 12.09 og 18.10. Kynnt.
- b) Dvalarheimili aldraðra 09.10. Kynnt.
- c) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 01.10. Kynnt.
- d) Skólaskrifstofa Austurlands 25.10. Kynnt.
- e) Brunavarnir á Austurlandi 29.10. Kynnt.
- f) Byggingarnefnd Fljótsdalshrepps 29.10. Fundargerð samþykkt.
- g) Fundargerð frá fundi oddvita með fulltrúum Landsnets, um Kröflulínu 3 29.10. Kynnt.

Samþykkt að fresta óafgreiddum liðum á dagskrá til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 19:<sup>19</sup>.

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Magnhildur Björnsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)